| Samverustundir | Að hafa samverustundir markvissar og að efla virkni starfsfólks í samverustundum. | Skýrt skipulag á því hvaða starfsmaður fer með hvenær. Verkefnastjóri ákveður umræðuefni með hæfilegum fyrirvara og þá getur starfsfólk undirbúið sig | Deildstj. skipuleggur hvenær hvaða starfsmaður er hvenær Verk.stj. ákveður viðfangsefni Starfsmaður kynnir sér efnið í undirbúning | Áframgangandi yfir tíma útikennslunar | - | Vibes | Ef öllum líður vel og geta bætt við í samverustundum er markmiðinu náð |
| Sjálfsefling | Leyfa börnunum að hafa áhrif á ferðir. | 1.Spyrja börnin hvert þau vilja fara og hvað þau vilja gera. 2.Hægt væri að leyfa börnunum að ráða í hvaða ferð er farið hvenær. Þá er samt hægt að nýta allar hugmyndir, þau bara ráða hvað er núna og hvað er seinna. | Verkefnastjóra | Áframgangandi yfir tíma útikennslunar | - | Hægt er að skoða liðnar vikur á nokkrum tímapunktum og skoða hversu margar ferðir börnin höfðu áhrif á. | Ef börnin hafa haft eitthvað að segja um dass af ferðum er markmiðinu náð. |

# 2 Innra mat sérkennslu

**Mat á sérkennslu 2022-2023**

| | |
|---|---|
| **Skipulagning sérkennslu 2022-2023**<br>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.<br>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ? | Við skipulag sérkennslu er haft að leiðarljósi hugmyndafræði um menntun án aðgreiningar. Þörfum barna sem eru með stuðning í leikskólanum er mætt innan barnahópsins, gætt er að því að þau einangrist ekki frá barnahópnum og leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið barna. Fagleg rök liggja á bak við námsaðferðum það er hvort þörfum barns er mætt í hóp eða unnið með það eitt og sér og þá miðast markmiðin ávallt að yfirfærslu inn í barnahópinn. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og gripið inn í ef grunur er um seinkun eða skerðingu á þroska. Börn sem eru með fjármagn vegna sérþarfa eru með einstaklingsnámskrár þar sem unnið er með markmið í litlum hópum, inni á deild eða einstaklingslega ef fagleg rök liggja til grundvallar.<br>Stuðst er við APES færnimatslista og þeir uppfærðir á 4-6 mánaða fresti. Skráð er eftir einstaklingsþjálfun hvernig gengur að vinna að markmiðum. Eftir hópastarf er skráð hvernig gengur á ákveðnum eyðublöðum og hvaða þætti þarf að halda áfram að vinna með. |
| **Hvaða matsgögn voru notuð?**<br>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl. | TRAS skráning á málþroska er gerð á öllum börnum leikskólans frá 2 til 5 ára. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál-og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. Hljóm-2 skimun sem er til að meta hljóðkerfisvitund barna er tekin á elsta árgangi leikskólans. Áætlun er gerð og unnið með börn sem koma slök út og skimunin tekin aftur að vori. Við gerð einstaklingsnámskráa er notast við APES færnimatslista ásamt ráðleggingum frá Vesturmiðstöð (sálfræðingur, sérkennsluráðgjafi, talmeinafræðingar) þegar við á.Efi-2 málþroskaskimun er lögð fyrir öll börn á fjórða aldursári. Ef börn koma slök út úr þeirri skimun er gripið til viðeigandi úrræða. |
| **Hvaða námsefni var notað?**<br>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn? | Námsefni sem notað er til að mynda er varðar málörvun er til að mynda: Tölum saman námsefnið, einnig spilastokkar Super duber sem og spilastokkar Ljáðu mér eyra til að efla |

| | |
|---|---|
| | hljóðkerfisvitund. Lotto-og samstæðuspil til að spjalla við börn og dýpka orðaforða. Námsefnið Lubbi finnur málbein er notað á öllum deildum þar sem unnið er með dýpri orðaforða og hljóðanám. Málörvunarsmáforrit í spjaldtölvum eru notuð fyrir málörvun til dæmis Lærum og leikum með hljóðin og Orðagull. Bækur eru í hávegum hafðar til að vinna með orðaforða og heyrnræna úrvinnslu. |

**Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024**

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| Reglulegir deildarfundir sérkennsluteymis | Að halda reglulega fundi þar sem sérkennsluteymið ásamt sérkennslustjóra fer yfir hugmyndafræði og leiðarljós sérkennslu og hvernig gengur að vinna út frá einstaklingsnámskrám. | Upphafi haustannar og vorannar séu settir niður fundir þar sem sérkennsluteymið áætlar að hittast og fer yfir verkefni og áherslur er varðar sérkennsluna | Sérkennslustjóri og stjórnendur skólans | Haustönn/sept 2023 | Vorönn2024/júní | Fundargerðir eftir fundi | Fundir haldnir með reglulegu millibili þar sem sérkennsluteymið hittist og fer yfir áherslur og verkefni teymisins. |

**Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024**

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| Að efla vitund starfsfólks á deildum að vinna að markmiðum úr einstaklingsnámskrám er samábyrgð allra. | Að starfsfólk á deildum sé upplýstara um að markmið sem sett eru niður í einstaklingsnsámskrám séu samábyrgð allra að hlúa að í gegnum dagskipulagið. | Á deildarfundum sé farið yfir markmið úr einstaklingsnámskrám. Farið sé yfir hugmyndir um hvernig sé hægt að vinna að þeim yfir daginn. Einnig að markmið sé sett sýnileg til að minna á starfsfólk á að nýta námstækifæri yfir daginn. | Deildarstjóri og sérkennslustjóri | Haust 2023 /sept | Vor 2024/júlí | Að fara yfir með reglulegu millibili á deildarfundum hvernig gengur að vinna að markmiðum. Skráningarblöð þar sem skráð er hvort markmið hafi nást eða séu enn í vinnslu.Einstaklingsmámskrár og APES listar uppfært til þess að fylgjast með framförum. | Að á deildarfundum sé farið yfir markmið úr einstaklingsnámskrám og starfsfólk sé upplýstara um að grípa námstækifæri yfir daginn til þess að vinna að markmiðum. |

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Að sjónrænt dagskipulag sé notað á deildum með markvissum hætti | Að starfsfólk nýti sér að nota sjónrænt dagskipulag fyrir börn sem þurfa fyrirsjáanleika í dagskipulaginu | Að fara yfir á deildarfundum mikilvægi þess að nota sjónrænt dagskipulag og starfsfólk fái upplýsingar um tilgang og hvernig það sé notað í starfi. | Deildastjórar og sérkennslustjóri | Haustönn 2023/ágúst | Vorönn 2024/ágúst | Á deildarfundum séu samtöl við starfsfólk um hvernig því gengur að nota sjónrænt dagskipulag. Það sé sýnilegt og aðgengilegt á öllum deildum. | Markviss notkun sjónræns dagskipulags á öllum deildum. |

# 3 Innra mat – fjöltyngd börn

**Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023**

| | |
|---|---|
| Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað? | Fjármagnið er notað til launagreiðslu í 50% stöðu verkefnastjóra fjölmenningar sem sinnir málörvun tví-og fjöltyngdra barna. Verkefnastjóri hefur yfirsýn og er með utanumhald utan um fjölmenningarstarf í leikskólanum. Að auki veitir verkefnastjóri ráðgjöf til starfsfólks er varðar málörvun fjöltyngdra barna og hvernig fjölmenning er gerð sýnileg í starfi leikskólans. |

| | |
|---|---|
| | Verkefnastjóri sér um og ber ábyrgð á móttökuáætlun barna af erlendum uppruna (Velkomin verkefnið) sem er í samstarfi við Vesturmiðstöð. Verkefnastjóri fjölmenningar sækir skipulagða fundi þar sem tengiliðir verkefnastjórar fjölmenningar í Reykjavík hittast og ræða málefni er tengjast fjölmenningu |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?<br>Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10? | Unnið er með daglegan orðaforða með því að setja orð á hluti og athafnir í gegnum allt daglegt starf. Einnig er leitast við að vinna með daglegan orðaforða í gegnum spil og bækur.<br>Myndrænt dagskipulag er haft sýnilegt á öllum deildum. Öll börn sem hafa annað móðurmál en íslensku fá myndrænu orðabókina *Ljáðu mér orð* til að styðja við og auka skilning hjá börnum sem eru að ná tökum á íslensku.<br>Aðferðin Gefðu 10 hefur gengið misvel á deildum. Leggjast þarf í enn meira átak er varðar Gefðu 10 og halda utan um skráningu er varðar það. |
| Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?<br>Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna? | Með þjóðsöguvinnu á hverri vorönn og lestri bóka er lögð mikil áhersla á dýpri orðaforða. Til þess að efla orðaforða er lögð áhersla á að taka fyrir ákveðna orðflokka. Efni sem tengist ákveðnum þemum hefur verið safnað í þemakassa þar sem til að mynda er unnið með ákveðna orðflokka t.d. föt, líkaminn, dýr. Þemakassar eru aðgengilegir til málörvunar á öllum deildum. Les- og samverustundir eru nýttar til þess að dýpka orðaforða barna með því að vinna með söngva, þulur og vísur. Þar gefst tækifæri á að vinna með orð og orðasambönd sem ekki eru algeng í daglegu tali. Lögð er áhersla á mikilvægi þess við starfsfólk að ræða um og útskýra orð og orðasambönd sem eru ekki algeng.<br>Verkefnastjóri fjölmenningar heldur utan um og skráir niður flæðislestur fyrir tví -og |

| | |
|---|---|
| | fjöltyngd lögð er áhersla á að efla orðaforða, útskýra og dýpka orðaforða. |
| Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?<br>Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað? | Fylgst er með framförum fjöltyngdra barna með því að gera TRAS málþroskaskráningu á öllum börnum. Íhlutun sett af stað ef þörf krefur. Í leikskólanum er tekin Efi-2 málþroskaskimun á öllum börnum á fjórða aldursári. Hljóm 2 skimun er tekin á öllum börnum á elsta ári í leikskólanum. Í ákveðnum tilvikum eru gerðar einstaklingsnámskrár þar sem unnið er með ákveðin markmið er tengjast málþroska og fylgst er með framförum.<br>Verkefnastjóri fjölmenningar í samráði við deildarstjóra hefur stuðst við Hæfniramma fyrir fjöltyngd börn frá Menntmálastofnun til að fylgjast með framförum og grípa inni í með markvissum hætti ef þörf krefur. |
| Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun. | Málörvun er rauður þráður í gegnum allt daglegt starf til þess að efla  orðaforða barna og grípa námstæki í gegnum daginn að setja orð á hluti og athafnir. Unnið er með námsefnið *Ótrúleg eru ævintýrin* þar sem unnið er með eina þjóðsögu, vísur eða þulur á hverri vorönn. Það námsefni er til að vinna með dýpri orðaforða og orðasambönd. Til þess að hlúa að tjáningu og frásögn er lögð áhersla á frjálsa leikinn, að börnin fái tækifæri á að tjá sig við hvort annað, starfsfólk styður við leikinn.<br>Á öllum deildum skólans eru söngstundir a.m.k. einu sinni á dag sem og sameiginleg söngstund einu sinni í viku. Leitað er leiða í samverustundum til þess að efla tjáningu hjá börnum með því að gefa þeim tækifæri á að segja frá því sem þau vilja.<br>Í gegnum listsköpun er haft að leiðarljósi að þau fái að segja frá því sem þau skapa.<br>Þjóðsöguvinnan felur í sér að öll börn skólans endursegja þjóðsögu/vísu eða þulu með sínu  nefi sem skrifuð er orðrétt eftir frásögn þeirra. |

| | |
|---|---|
| | Bækur eru í hávegum hafðar og aðgengilegar börnunum. Lögð er áhersla við lestur bóka að spyrja börnin út úr sögunni til að efla hlustun og málskilning.<br>Í öllu daglegu starfi fá börnin fyrirmæli er varðar ýmislegt sem er að gerast í leikskólanum og með því er verið að efla heyrnræna úrvinnslu.<br>Unnið er með hljóðkerfisvitund í samverustundum og hópastarfi þar sem unnið er með rím, setja saman orð og klappa atkvæði. Unnið er með hljóðanám og orðaforða í gegnum námsefnið *Lubbi finnur málbein* á öllum deildum.<br>Ritmál er sýnilegt með því að merkja hluti og húsgögn. Stafir og stafróf er sýnilegt á deildum. Hljóð og tákn vikunnar út frá námsefninu *Lubbi finnur málbein* er sýnilegt á öllum deildum.<br>Málörvun fer fram út frá fjölbreyttum kennsluaðferðum og efnivið. Í öllu málörvunarstarfi er haft að leiðarljósi að vinna með áhugasvið og styrkleika barna. Leitast er við að hlusta á rödd barnanna og að óskir þeirra og langanir séu virtar.<br>Í dagskipulaginu er gefið rými fyrir frjálsa leikinn sem er námsleið leikskólabarna. Starfsfólk er meðvitað um að styðja við leik og efla félagsleg tengsl barna.<br>Tilfinningar barna eru virtar og fá þau tækifæri til að bera kennsl á tilfinningar sínar og vinna úr þeim með stuðningi starfsfólks.<br>Fylgst er með félagstengslum barna og leitað er leiða til að hjálpa börnum að ná góðum félagslegum tengslum í barnahópnum. Að auki að öll börn fái virka hlutdeild í hópnum og komið sé til móts við ólíkar þarfir. Haft er að leiðarljósi að jafnræði og virðing ríki í barnahópnum. |

**Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024**

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| Efla orðaforða tví-og fjöltyngdra barna út frá orðflokkum með því að nota þemakassa sem tengjast ákveðnum orðflokkum. | Að vera með markvissa orðaforðavinnu sem byggir á að vinna út frá ákveðnum orðflokkum og nota þemakassa sem byggjast á yfirhugtökum t.d grænmeti, farartæki og fl. | Fjölga og safna í þemakassa s út frá ákveðnum orðflokkum. Upplýsa starfsfólk á deildum um notkun þemakassana í orðaforðavinnu með tví-og fjöltyngdum börnum. | Sérkennslustjóri og verkefnastjóri fjölmenningar | Vor 23/ júní | Vor 24/ maí | Skráningarblað á þemakössum þar sem starfsfólk merkir við þegar það notar þemakassa í málörvun. | Að allar deildir nýti sér þemakassa til að byggja orðaforða tengt ákveðnum orðflokkum. |

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram á þann hátt að leikskólastjóri tekur viðtöl við stjórnendateymi skólans og deildarstjórar við sitt deildarstarfsfólk.  Við viljum skerpa á þessum samtölum þar sem ekki tókst að tala við alla.

Fræðsa fer fram á skipulagsdögum skólans.  Við fengum fyrirlestur um aga, námskeið í skyndihjálp og sjálfshjálparnámskeið um liðsheild en það var sú fræðsla sem utanaðkomandi komu að, hins vegar er alls kyns jafningjafræðsla sem fer fram á skipulagsdögum um hinu ýmsu mál skólns.

## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Vesturbæjarskóli er okkar helsti samstarfs grunnskóli, þótt héðan fari einnig nokkuð af börnum í Melaskóla, Grandaskóla, Landakotsskóla eða aðra skóla. Við höfum náð að endurvekja samstarf okkar við Vesturbæjarskóla mjög vel eftir faraldur. Við höfum farið í reglulegar heimsóknir á vorönninni

bæði í skólann og frístund. Þetta hafa verið valstundir í fyrsta og annan bekk og lestrarstundir stjórnaðar af nemendum í efri bekkjum skólans. Einnig höfum við heimsótt skólann í sérstaka söngstund sem er alla föstudaga. Nemendur í Vesturbæjarskóla hafa einnig komið til okkar í Drafnarstein í heimsókn í útiveru.

Skipulagðir hafa verið sérstakir skilafundir fyrir nemendur sem fara í Vesturbæjarskóla en fyrir aðra skóla þá skilum við upplýsingum í gegnum fjarfundarbúnað.

Frístundarheimilið Frostheimar hafa verið með á skilafundum og við fórum einnig með barnahópinn í heimsókn þangað.

Samskiptin hafa verið mjög góð síðustu tvö ár og ætlum okkur að dýpka samstarfið enn frekar.

# 8 Foreldrasamvinna

Haustfundir voru á fjórum deildum af sex.  Veikindi ofl komu í veg fyrir að þeir voru haldnir á Drafnarborg og Trölladyngju. Foreldrafélagið hélt aðalfund og var svo með fræðslufund um slys á börnum.  Svo voru haldin opin hús fyrir foreldra, aðventukaffi, pabba-og afakaffi á bóndadag, mömmu-og ömmukaffi föstudaginn fyrir konudag og svo opið hús fyrir aðstandendur að vori, sem var uppskeruhátíð vetrarstarfsins.

Formleg foreldraviðtöl fóru fram í kring um áramót og fyrstu mánuði ársins.

# 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar ársins voru:

22.september 2022

7.október 2022

17.nóveber 2022

2.janúar 2023

Auglýstir voru svo 19 og 21 apríl 2023 vegna fyrirhugaðrar náms-og kynnisferð, en þar sem hætt var við hana fengum við að breyta þeim dögum í 24.febrúar og 9.júní.

Skipulagsdagar skólaársins 2023-2024 verða:

21.ágúst 2023

29.september 2023

27.nóvember 2023

2.janúar 2024

24 og 26 apríl 2024 (náms-og kynnisferð 24-26 apríl)

Eru því fjórir af sex skipulagsdagana eru í samráði við Vesturbæjarskóla

# 10 Fylgigögn

## 10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h.  leikskólans .........................................

_______________________________________________

Leikskólastjóri                    Dagsetning

**Fylgiskjal 3**

# Starfsáætlun 2023 – 2024
# Nafn leikskóla

# Umsögn foreldraráðs

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

**XXXXX XXXXX**
**XXXXX XXXXXXX**
**XXXXX XXXXXX**

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

**Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

**Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

**Umsögn foreldraráðs:**

LÁTUM
**DRAUMANA**
RÆTAST

Samband íslenskra sveitarfélaga

# Leikskóladagatal 2023 - 2024

**Drafnarsteinn**

| ÁGÚST | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | | NÓVEMBER | | DESEMBER | | JANÚAR | | FEBRÚAR | | MARS | | APRÍL | | MAÍ | | JÚNÍ | | JÚLÍ | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Þ | | 1 F | | 1 S | | 1 M | | 1 F | Fullveldisdagurinn | 1 M | Nýársdagur | 1 F | | 1 F | | 1 M | Annar í Páskum | 1 M | Verkalýðsdagurinn | 1 L | | 1 M | |
| 2 M | | 2 L | | 2 M | | 2 F | | 2 L | | 2 Þ | Skipulagsdagur | 2 F | | 2 L | | 2 Þ | | 2 F | | 2 S | Sjómannadagurinn | 2 Þ | |
| 3 F | | 3 S | | 3 Þ | | 3 F | | 3 S | | 3 M | | 3 L | | 3 S | | 3 M | | 3 F | | 3 M | | 3 M | |
| 4 F | | 4 M | | 4 M | | 4 L | | 4 M | | 4 F | | 4 S | | 4 M | | 4 F | | 4 L | | 4 Þ | | 4 F | |
| 5 L | | 5 Þ | | 5 F | | 5 S | | 5 Þ | | 5 F | | 5 M | | 5 Þ | | 5 F | | 5 S | | 5 M | | 5 F | |
| 6 S | | 6 M | | 6 F | | 6 M | | 6 M | | 6 L | Þrettándinn | 6 Þ | Dagur leikskólans | 6 M | | 6 L | | 6 M | | 6 F | Skólaslit | 6 L | |
| 7 M | Frídagur verslunarmanna | 7 F | | 7 L | | 7 Þ | | 7 F | | 7 S | | 7 M | Dagur tónlistarskólans | 7 F | | 7 S | | 7 Þ | | 7 F | | 7 S | |
| 8 Þ | | 8 F | Dagur læsis | 8 S | | 8 M | Baráttudagur gegn einelti | 8 F | | 8 M | | 8 F | | 8 F | | 8 M | | 8 M | | 8 L | | 8 M | |
| 9 M | | 9 L | | 9 M | | 9 F | | 9 L | | 9 Þ | | 9 F | | 9 L | | 9 Þ | | 9 F | Uppstigningardagur | 9 S | | 9 Þ | |
| 10 F | | 10 S | | 10 Þ | | 10 F | | 10 S | | 10 M | | 10 L | | 10 S | | 10 M | | 10 F | | 10 M | | 10 M | |
| 11 F | | 11 M | | 11 M | | 11 L | | 11 M | | 11 F | | 11 S | Dagur íslenska táknmálsins | 11 M | | 11 F | | 11 L | | 11 Þ | | 11 F | |
| 12 L | | 12 Þ | | 12 F | | 12 S | | 12 Þ | | 12 F | | 12 M | Bolludagur | 12 Þ | | 12 F | | 12 S | | 12 M | | 12 F | |
| 13 S | | 13 M | | 13 F | | 13 M | | 13 M | | 13 L | | 13 Þ | Sprengidagur | 13 M | | 13 L | | 13 M | | 13 F | | 13 L | |
| 14 M | | 14 F | | 14 L | | 14 Þ | | 14 F | | 14 S | | 14 M | Öskudagur | 14 F | Dagur stærðfræðinnar | 14 S | | 14 Þ | | 14 F | | 14 S | |
| 15 Þ | | 15 F | | 15 S | | 15 M | | 15 F | Jólaball | 15 M | | 15 F | | 15 F | | 15 M | | 15 M | | 15 L | | 15 M | |
| 16 M | | 16 L | Dagur íslenskrar náttúru | 16 M | | 16 F | Dagur íslenskrar tungu | 16 L | | 16 Þ | | 16 F | | 16 L | | 16 Þ | | 16 F | | 16 S | | 16 Þ | |
| 17 F | | 17 S | | 17 Þ | | 17 F | | 17 S | | 17 M | | 17 L | | 17 S | | 17 M | | 17 F | **Menntastefnumót - sam. starfsdagur** | 17 M | Lýðveldisdagurinn | 17 M | |
| 18 F | | 18 M | | 18 M | | 18 L | | 18 M | | 18 F | | 18 S | Konudagur - upphaf Góu | 18 M | | 18 F | | 18 L | | 18 Þ | | 18 F | |
| 19 L | | 19 Þ | | 19 F | | 19 S | | 19 Þ | | 19 F | Bóndadagur - upphaf Þorra | 19 M | Vetrarfrí í grunnskólum | 19 Þ | | 19 F | | 19 S | Hvítasunnudagur | 19 M | | 19 F | |
| 20 S | | 20 M | | 20 F | | 20 M | Dagur mannréttinda barna | 20 M | | 20 L | | 20 Þ | Vetrarfrí í grunnskólum | 20 M | | 20 L | | 20 M | Annar í Hvítasunnu | 20 F | | 20 L | |
| 21 M | Skipulagsdagur | 21 F | | 21 L | | 21 Þ | | 21 F | | 21 S | | 21 M | | 21 F | | 21 S | | 21 Þ | | 21 F | | 21 S | |
| 22 Þ | Skólasetning | 22 F | | 22 S | | 22 M | | 22 F | | 22 M | | 22 F | | 22 F | | 22 M | | 22 M | | 22 L | | 22 M | |
| 23 M | | 23 L | | 23 M | | 23 F | | 23 L | Þorláksmessa | 23 Þ | | 23 F | | 23 L | | 23 Þ | | 23 F | | 23 S | | 23 Þ | |
| 24 F | | 24 S | | 24 Þ | | 24 F | | 24 S | Aðfangadagur jóla | 24 M | | 24 L | | 24 S | Pálmasunnudagur | 24 M | Skipulagsdagu/náms-kynnisfe | 24 F | | 24 M | | 24 M | |
| 25 F | | 25 M | | 25 M | | 25 L | | 25 M | Jóladagur | 25 F | | 25 S | | 25 M | | 25 F | Sumardagurinn fyrsti | 25 L | | 25 Þ | | 25 F | |
| 26 L | | 26 Þ | Evrópski tungumáladagurinn | 26 F | Vetrarfrí í grunnskólum | 26 S | | 26 Þ | Annar í jólum | 26 F | | 26 M | | 26 Þ | | 26 F | Skipulagsdagu/náms-kynnisfe | 26 S | | 26 M | Fæðingardagur forseta Íslands (GThJ) | 26 F | |
| 27 S | | 27 M | | 27 F | Náttfata og bangsad | 27 M | Skipulagsdagur | 27 M | | 27 L | | 27 Þ | | 27 M | | 27 L | | 27 M | | 27 F | | 27 L | |
| 28 M | | 28 F | | 28 L | Fyrsti vetrardagur | 28 Þ | | 28 F | | 28 S | | 28 M | | 28 F | Skírdagur | 28 S | | 28 Þ | | 28 F | | 28 S | |
| 29 Þ | | 29 F | Skipulagsdagur | 29 S | | 29 M | | 29 F | | 29 M | | 29 F | | 29 F | Föstudagurinn langi | 29 M | | 29 M | | 29 L | | 29 M | |
| 30 M | | 30 L | | 30 M | | 30 F | | 30 L | | 30 Þ | | | | 30 L | | 30 Þ | | 30 F | | 30 S | | 30 Þ | |
| 31 F | | | | 31 Þ | Hrekkjarvaka | | | 31 S | Gamlársdagur | 31 M | | | | 31 S | Páskadagur | | | 31 F | | | | 31 M | |

**Í reglum um leikskólaþjónustu segir:**
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka